

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur um framhaldsfræðslu.

1. *Á hvaða forsendum hafa rekstrarframlög til framhaldsfræðslu á fjárlagalið 02-451 verið ákveðin?*

Rekstrarframlög til átta símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni voru fyrst veitt í fjárlögum ársins 2001. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 segir á bls. 327 að styrkjum til símenntunarmiðstöðva á fjárlagalið 02-451 sé ætlað að koma til móts við grunnaðstöðu hjá hverri stöð en að öðru leyti er miðað við að rekstur miðstöðvanna sé greiddur af þeim sem njóta þjónustu þeirra. Fyrstu árin voru framlög til stöðvanna á landsbyggðinni þau sömu til allra en frá árinu 2007 hafa upphæðirnar verið verið misháar, sbr. töflu hér að aftan. Um 30% af framlögum til Austurbrúar og Þekkingarnets Þingeyinga árin 2009–2014 eru til framhaldsfræðslu en um 70% til háskóla- og rannsóknastarfsemi. Alþingi hefur í flestum tilfellum tekið ákvarðanir um breytingar og virðast þær ekki hafa tekið mið af grunnaðstöðu hversrar stöðvar í samræmi við umfang þjónustunnar.

2. *Í hve miklum mæli fara rekstrarframlög til aðila í framhaldsfræðslu á fjárlagalið 02-451 eftir stærð markhóps, sbr. skilgreiningu á markhópnum í lögum nr. 27/2010, um framhaldsfræðslu, og umfangi starfsemi hvers aðila?*

Rekstrarframlög til fræðsluaðila á fjárlagalið 02-451 hafa hvorki tekið mið af greiningu á stærð markhóps hversrar stöðvar né umfangi starfsemi hvers aðila, sbr. svar við 1. tölul. fyrirspurnarinnar og upplýsingar í eftirfarandi töflum.

Fjárveitingar til símenntunarstöðva 2001–2015.

				2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
02	451	115	Mímir, símenntun								11,4
02	451	121	Símenntunarstöð á Vesturlandi	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	15,0
02	451	122	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	15,9	20,0
02	451	123	Farskóli Norðurlands vestra	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	19,0
02	451	124	Símenntunarstöð Eyjafjarðar	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	15,0
02	451	125	Þekkingarsetur Þingeyinga	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	15,0
02	451	126	Þekkingarnet Austurlands	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	15,0
02	451	127	Fræðslunet Suðurlands	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	15,0
02	451	128	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	7,0	8,5	9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	15,0
02	451	129	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja			9,0	9,0	9,5	9,9	10,9	15,0
02	451	130	Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík							11,0	11,4
Samtals				56,0	68,0	81,0	81,0	85,5	89,1	114,1	155,4

				2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 – frv.
02	451	115	Mímir, símenntun	14,0	14,0	13,0	13,4	14	14,5	14,6
02	451	121	Símenntunarstöð á Vesturlandi	21,4	21,2	19,7	20,2	21	21,7	21,9
02	451	122	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	23,4	18,4	17,1	17,7	18,5	19,1	19,3
02	451	123	Farskóli Norðurlands vestra	26,3	30,1	28,0	28,7	29,8	30,8	31,1
02	451	124	Símenntunarstöð Eyjafjarðar	18,4	18,4	17,1	17,7	18,5	19,1	19,3
02	451	125	Þekkingarsetur Þingeyinga	32,5	37,4	34,8	35,9	37,5	38,8	39,2
02	451	126	Þekkingarnet Austurlands	42,0	41,9	51,0	52,7	55,1	57,0	57,6
02	451	127	Fræðslunet Suðurlands	21,4	18,2	17,0	17,5	18,3	18,9	19,1
02	451	128	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	21,4	21,2	19,7	20,2	21	21,7	21,9
02	451	129	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	21,4	21,2	19,7	20,2	21	21,7	21,9
02	451	130	Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	14,0	14,0	13,0	13,4	14	14,5	14,6
Samtals				242,2	242,0	237,1	244,2	254,7	263,3	265,9

Skýringar á frávikum:

- 2007 02-451 130 Kemur ný inn og fær framlag í takt við aðrar símenntunarstöðvar.
02-451 122 5 m.kr. framlag í fjáruka v. mótvægisáðgerða skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar um viðbrögð við tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.
- 2008 Allar stöðvar nema 02-451 130 fá framlag á grundvelli: Kvasir, framlag til grunnverkefna við fullorðinsfræðslu á landsbyggðinni.
02-451 122 5 m.kr. tímabundið framlag í 2 ár vegna Suðurfjarða. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.
02-451 123 4 m.kr. framlag í fjáruka til eflingar háskólamenntunar með fjarnámi og staðbundinni kennslu. Ákv. með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.
- 2009 02-451 123 4 m.kr. framl. til eflingar háskólamenntunar með fjarnámi og staðbundinni kennslu er falla undir Farskólann.
02-451 125 11,5 m.kr. millif. af 02-451 131 Fræða- og þekkingarsetur, sem er samningsbundnar greiðslur MRN.
02-451 126 19,2 m.kr. millif. af 02-451 131 Fræða- og þekkingarsetur, sem er samningsbundnar greiðslur MRN.
- 2010 02-451 122 5 m.kr. tímab. framlag frá 2008 fellur niður.
02-451 123 4 m.kr. framlag til eflingar háskólamenntunar og staðbundinnar kennslu. Veitt í tengslum við Norðvesturnefndina. Farskóli Norðurlands vestra.
02-451 125 5 m.kr. framlag til að bæta fræðsluþjónustu á Norðausturlandi með uppbyggingu Þekkingarseturs á Þórshöfn.
02-451 127 -3 m.kr. millif. af 02-451 127 +a 02-451 134 Þekkingarsetur Suðurlands.
- 2011 2. umr. fj. 02-451 126 12 m.kr. framlag veitt til að draga úr aðhaldskröfu.

Áætlaður fjöldi einstaklinga í markhópi Fræðslusjóðs, skipt á svæði árin 2009-2011.

Landshluti	2009	2010	2011	Samtals	Meðaltal 2009-2011	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	25.233	24.254	25.199	74.687	24.896	51,79
Suðurnes	5.345	4.842	3.968	14.154	4.718	9,82
Vesturland	3.134	3.084	3.219	9.438	3.146	6,54
Vestfirðir	1.617	1.255	1.605	4.477	1.492	3,10
Norðurland v.	1.936	2.392	2.138	6.466	2.155	4,48
Norðurl. e. – Ak.*	4.316	4.027	3.824	12.167	4.056	8,44
Norðurl. e. – Þing.*	1.079	1.007	956	3.042	1.014	2,11
Austurland	2.389	2.449	2.623	7.461	2.487	5,17
Suðurland*	3.254	3.215	2.946	9.415	3.138	6,53
Suðurland – Vestm.*	1.001	989	906	2.897	966	2,01
Samtals	49.306	47.514	47.385	144.204	48.068	100

Heimild: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

*Fjöldi í markhópi áætlaður miðað við hlutfallslega skiptingu íbúafjölda í kjördæminu.

Upplýsingar um fjölda einstaklinga í Markhóp FA unnar úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar fyrir árin 2009–2011.

Markhópur FA er eftirfarandi hópar:

Einstaklingar með barnaskóla-, unglínga-, grunnskóla-, gagnfræðapróf (ISCED 1).

Einstaklingar sem hafa ekki lokið neinu formlegu námi (ISCED 1).

Einstaklingar sem lokið hafa stuttu starfsnámi eftir grunnskóla (ISCED 2).

3. *Ad hve miklu leyti taka reiknireglur Fræðslusjóðs við úthlutun fjár til fræðsluaðila mið af landfræðilegum aðstæðum, stærð markhóps og umfangi starfsemi hvers aðila?*

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 27/2010 er framhaldsfræðsla skilgreind sem hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Alþingi veitir fé af fjárlögum til Fræðslusjóðs sem úthlutar framlögum til framhaldsfræðslu og viðfangsefnum er henni tengjast.

Í samræmi við ákvæði laga renna úthlutanir Fræðslusjóðs fyrst og fremst til þriggja mála-flokka sem eru námskeið samkvæmt vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Stjórn sjóðsins ákvað skiptingu 744.500.000 kr. heildarupphæðar til viðmiðunar við úthlutanir árið 2013 þannig að 453.400.000 kr., eða 61,0%, rynnu til námskeiða samkvæmt vottuðum námsleiðum, 96.200.000 kr., eða 9,2%, færu til náms- og starfsráðgjafar, 157.900.000 kr., eða 21,1%, til raunfærnimats og 64.000.000 kr., eða 8,6%, í styrki til þróunarverkefna.

Við undirbúning að svari við fyrirspurn um framhaldsfræðslu var leitað til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Forsaga.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annaðist úthlutanir til námskeiða samkvæmt vottuðum námsleiðum og náms- og starfsráðgjafar frá árinu 2006 til ársins 2010 samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Lög nr. 27/2010, um framhaldsfræðslu, tóku gildi haustið 2010. Á þessum árum byggðu framlög til símenntunarmiðstöðvanna á greiningu markhópa í vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands, en þó voru sett inn viðmið til að tryggja

að öll svæði fengju nægilega mikið fjármagn til að geta sett af stað námsleiðir og náms- og starfsráðgjöf. Verð viðtala endurspegluðu landfræðilegar aðstæður eftir því sem hægt var. Framlag til námskeiða samkvæmt vottuðum námsleiðum tók mið af meðaltali kostnaðar á landinu öllu.

Árið 2011 var fyrsta árið sem stjórn Fræðslusjóðs setti úthlutunarreglur og skilmála á grundvelli laganna. Þá var reynt að leita eftir nákvæmari tölum um stærð markhópsins. Það var eingöngu Starfsgreinasamband Íslands sem átti tölur um skiptingu markhóps á svæði og var það látið veða 10% í ákvörðun um fjárframlög. Þá var einnig í fyrsta skipti tekið tillit til umfangs starfseminnar hjá hverri stöð og það einnig látið veða 10%. Loks var atvinnuleysi látið veða 10% enda voru aðstæður á svæðum mjög mismunandi í því sambandi og mikilvægt að geta boðið atvinnuleitendum úrræði. Greining á markhópum vó 70% í þessum viðmiðum enda taldi stjórn Fræðslusjóðs mikilvægt að framlag tæki ekki stór stökk til að valda ekki vandræðum í starfsemi fræðsluaðilanna.

Fjármögnun til raunfærnimats kom fyrst með framlagi árið 2007 og þá eingöngu til iðngreina hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina (IÐAN – fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins). Símenntunarmiðstöðvum var fyrst gert mögulegt að sækja um fjármögnun til raunfærnimats árið 2010 bæði í iðngreinum í samvinnu við fræðslumiðstöðvar iðngreina og einnig í öðrum verkefnum sem þá voru tilbúin til raunfærnimats. Þegar farið var að breiða raunfærnimatið út á landsvísu komu til viðbótargreiðslur til fræðsluaðila á landsbyggðinni til að auðvelda þeim vinnu við að sækja þátttakendur á sínum svæðum.

Við úthlutanir úr Fræðslusjóði hafa verið skilgreind svæði á þann hátt að á landsbyggðinni telst ein símenntunarmiðstöð vera á hverju svæði en höfðuborgarsvæðið er skilgreint sem eitt svæði með fjórum aðilum. Þessi skipting felur í sér 10 eftirfarandi svæði og samtals 14 aðila sem njóta framlaga úr Fræðslusjóði.

Vesturland: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.

Vestfirðir: Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Norðurland vestra: Farskólinn – miðstöð símenntunar.

Eyjafjörður: SÍMEY.

Þingeyjarsýslur: Þekkingarnet Þingeyinga.

Austurland: Austurbrú.

Suðurland: Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi.

Vestmannaeyjar: Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Suðurnes: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Höfuðborgarsvæðið (5 stöðvar):

- Mímir – símenntun (almenn framhaldsfræðsla fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu).
- Framvegis – miðstöð símenntunar (námskeið, fyrst og fremst á sviði heilbrigðisgreina).
- Starfsmennt (þjónusta við opinberar stofnanir og starfsmenn þeirra sem eru félagar í BSRB).
- IÐAN – fræðslusetur (fyrirtæki og starfsmenn í iðnaði).
- Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins (raunfærnimat í rafiðngreinum).

Viðmið vegna úthlutana ársins 2013.

Stjórn Fræðslusjóðs hafði fyrir árið 2013 veitt loforð um að 75% úthlutunar mundi byggjast á meðaltali fjölda námskeiða/fjölda nemenda ársins 2011 og úthlutana 2012. Þetta var gert til að tryggja stöðugleika í starfsemi fræðsluaðila fyrstu árin eftir að nýtt skipulag tók gildi með lögum um framhaldsfræðslu.

Úthlutun til vottaðra námsleiða byggðist á framkvæmd ársins 2012 með skilum á fjármunum sem fræðsluaðilar höfðu ekki nýtt sér og endurúthlutun þess fjár sem skilað var. Þó var ekki úthlutað umfram umsóknir nema sem nam verðuppfærslu og ekki lægra en loforðið sem hafði verið veitt (75%).

Úthlutun til náms- og starfsráðgjafar var sambærileg úthlutun ársins 2012 að teknu tilliti til lækkunar vegna viðtala við fólk utan markhóps framhaldsfræðslulaga.

Lögð var áhersla á að veita símenntunarmiðstöðvum um land allt möguleika til raunfærnimats á grundvelli umsókna, en haldið var áfram raunfærnimati í iðngreinum með svipuðum hætti og áður. Úthlutað var á grundvelli umsókna en með föstu verðlagi á staðna einingu og viðbótargreiðslu vegna samstarfs tveggja eða fleiri aðila.

Í ársskýrslu stjórnar Fræðslusjóðs fyrir árið 2013 var eftirfarandi athugasemd: „Á árinu 2013 voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum, sem Fræðslusjóður fjármagnar 2.615 talsins í 215 námsleiðum. Um 64% þátttakenda sóttu námið á landsbyggðinni en 36% á höfuðborgarsvæðinu. Það er umhugsunarefni hvort þetta er eðlileg skipting milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, en hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu er mun lægra en fjöldi í markhópi ætti að gefa til kynna.“ Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu breyttist þetta hlutfall nokkuð við ákvörðum um úthlutun árið 2014.

**Hlutfall þátttakenda í námskeiðum á vottuðum námsleiðum
skipt eftir höfuðborgarsvæði og landsbyggð 2006–2014.**

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Höfuðborgarsv.	70%	49%	46%	38%	33%	37%	31%	36%	43,1%
Landsbyggð	30%	51%	54%	62%	67%	63%	69%	64%	52,8%

Heimild: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Viðmið vegna úthlutana ársins 2014.

Við úthlutun til fræðsluaðila vegna námskeiða í vottuðum námsleiðum árið 2014 var notast við reiknireglu sem byggði á hlutfallstölu sem var þannig fundin að stærð markhóps framhaldsfræðslulaga á hverju svæði hafði vægið 28%, fjöldi námskeiða og nemenda árið áður hafði vægið 42% og fjöldi námsleiða/nemenda sem sótt var um hafði vægið 30%. Stærð markhóps framhaldsfræðslulaga á aldrinum 25–62 ára og skipting hans á svæði byggist á vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands, meðaltali árána 2009–2011. Sjá töflu hér að framan.

Niðurstöður þessara viðmiða þýddu að höfuðborgarsvæðið fékk 43,1% úthlutunar í vottaðar námsleiðir en landsbyggðin 56,9%. Í náms- og starfsráðgjöf þýddu þessi viðmið að höfuðborgarsvæðið fékk 52,8% úthlutunar, landsbyggðin 47,2%. Þessi grundvöllur var notaður til að meta umsóknir. Úthlutun fór síðan eftir skilmálum þannig að ekki var úthlutað umfram umsóknir og ekki undir loforði sem hafði verið veitt áður eða 65% af úthlutunarviðmiðum.

Við skilgreiningu á markhópi var notað meðaltal þriggja ára einkum til að draga úr sveiflum milli ára vegna þess að vinnumarkaðsrannsóknin er ónákvæmt viðmið á minnstu svæðunum þar sem mælingar markhóps á þeim eru ekki marktækar.

Heildarumfang starfsemi hverrar stöðvar er fundið með því að skoða umfang síðasta árs og umsóknir sem berast vegna næsta árs.

Landfræðilegar aðstæður speglast að nokkru leyti í svæðisbundinni eftirspurn og umfangi starfseminnar. En einnig er tekið tillit til þeirra í verði viðtala í náms- og starfsráðgjöf, en greitt er mun hærra verð fyrir viðtöl sem þarf að aka langt til að taka eða sérstaklega erfitt er að sækja. Í námskeiðum vottaðra námsleiða er sérstök heimild til að fara af stað með fámennari hópa á fámennum/landfræðilega erfiðum svæðum en þó þannig að framlag skerðist.

Umsóknir um raunfærnimat frá símenntunarmiðstöðvum og fræðslumiðstöðvum iðngreina voru metnar og úthlutað var til allra umsókna eða 99,2% þeirrar upphæðar sem sótt var um. Greiðslur til raunfærnimats byggjast á fastri greiðslu fyrir staðnar einingar. Viðbótargreiðsla er vegna samstarfs til að auðvelda raunfærnimat í iðngreinum á landsbyggðinni og til að hvetja til samstarfs milli fræðsluaðila.

Nánari sundurliðun á úthlutunum Fræðslusjóðs til námskeiða samkvæmt vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats er að finna í eftirfarandi töflum.

Ráðstöfun úthlutana Fræðslusjóðs skipt á viðfangsefni og svæði 2006–2013.

Vottaðar námsleiðir. Framkvæmd hvers árs í krónum talið, á verðlagi hvers árs fyrir sig.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Samt. f. höfuðb.sv.	35.894.000	77.686.667	75.412.475	121.179.864	153.120.000	138.535.000	163.244.160	193.588.102
Samt. f. landsbyggð	23.025.000	76.253.367	91.789.075	176.279.742	268.639.333	261.158.500	280.646.400	305.672.724
Vesturland	5.556.000	15.110.000	12.303.624	17.521.875	25.080.000	13.155.000	14.846.000	16.996.849
Vestfirðir	1.650.000	6.000.000	6.760.000	14.309.333	23.602.333	23.470.000	23.500.000	23.500.000
Norðurl. v.	1.100.000	4.200.000	8.950.613	14.184.167	14.790.000	9.015.000	10.005.000	8.580.000
Eyjafjörður	3.940.000	22.353.367	26.091.667	43.127.200	71.262.500	73.985.000	82.294.000	94.052.500
Þingeyingar	1.100.000	8.710.000	4.160.000	8.405.000	10.960.000	10.300.000	10.655.000	10.700.000
Austurland	1.605.000	1.200.000	10.217.714	11.570.000	25.792.500	23.416.000	24.976.000	25.000.000
Suðurland	550.000	8.740.000	7.485.457	13.200.000	23.830.000	27.555.000	26.527.400	28.783.500
Vestm.eyjar	870.000	3.340.000	3.446.000	5.437.500	5.700.000	10.370.000	12.580.000	12.938.250
Suðurnes	6.654.000	6.600.000	12.374.000	48.524.667	67.622.000	69.892.500	75.263.000	85.121.625
Samtals	58.919.000	153.940.034	167.201.550	297.459.606	421.759.333	399.693.500	443.890.560	499.260.826

Námsráðgjöf. Framkvæmd hvers árs í krónum talið, á verðlagi hvers árs fyrir sig.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Samt. f. höfuðb.sv.	9.800.000	39.300.000	31.450.000	60.617.378	73.462.000	71.585.277	76.723.000	77.515.800
Samt. f. landsbyggð	17.900.000	33.400.000	35.851.000	60.917.445	76.740.000	72.086.007	63.290.000	61.501.900
Vesturland	2.400.000	3.800.000	3.900.000	6.670.000	10.810.000	8.726.730	7.530.000	7.783.900
Vestfirðir	0	2.400.000	3.500.000	4.115.000	7.490.000	6.982.500	5.950.000	5.323.200
Norðurl. v.	2.100.000	6.100.000	2.800.000	3.410.000	4.320.000	2.999.949	2.010.000	2.450.000
Eyjafjörður	2.900.000	5.400.000	5.600.000	9.925.000	8.510.000	8.298.239	10.700.000	7.616.000
Þingeyingar	1.400.000	2.900.000	3.773.000	5.020.000	5.490.000	5.301.500	4.640.000	5.790.000
Austurland	2.900.000	3.800.000	5.745.000	4.600.000	9.370.000	8.438.350	8.200.000	6.625.400
Suðurland	2.900.000	3.900.000	4.000.000	6.800.000	6.820.000	8.200.829	6.400.000	7.319.800
Vestm.eyjar	1.200.000	1.900.000	2.000.000	3.927.445	3.290.000	3.193.500	2.300.000	3.463.600
Suðurnes	2.100.000	3.200.000	4.533.000	16.450.000	20.640.000	19.944.410	15.560.000	15.130.000
Samtals	27.700.000	72.700.000	67.301.000	121.534.823	150.202.000	143.671.284	140.013.000	139.017.700

Námsráðgjöf. Hlutfallsleg framkvæmd hvers árs, á verðlagi hvers árs fyrir sig.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Samt. f. höfuðborgarsvæðið	35%	54%	47%	50%	49%	50%	55%	56%
Samt. f. landsbyggðina	65%	46%	53%	50%	51%	50%	45%	44%
Vesturland	9%	5%	6%	5%	7%	6%	5%	6%
Vestfirðir		3%	5%	3%	5%	5%	4%	4%
Norðurl. vestra	8%	8%	4%	3%	3%	2%	1%	2%
Eyjafjörður	10%	7%	8%	8%	6%	6%	8%	5%
Þingeyingar	5%	4%	6%	4%	4%	4%	3%	4%
Austurland	10%	5%	9%	4%	6%	6%	6%	5%
Suðurland	10%	5%	6%	6%	5%	6%	5%	5%
Vestmannaeyjar	4%	3%	3%	3%	2%	2%	2%	2%
Suðurnes	8%	4%	7%	14%	14%	14%	11%	11%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Raunfærnimat. Hlutfallsleg framkvæmd hvers árs, á verðlagi hvers árs fyrir sig.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Samt. f. höfuðborgarsvæðið			7%	10%	3%	15%	16%	3%
Samt. f. landsbyggðina			4%		11%	14%	16%	9%
Lögg. iðngr. Landið allt		100%	89%	90%	86%	71%	68%	88%
Vesturland								
Vestfirðir						1%		
Norðurl. vestra								
Eyjafjörður					5%	7%	3%	4%
Þingeyingar						1%		
Austurland					2%	3%	1%	
Suðurland					1%	1%	2%	
Vestmannaeyjar						2%		2%
Suðurnes					3%		10%	3%
Samtals	0%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heimild: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.